

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stöðumat á viðveru fagfólks í skólum

Lagt er til að velferðarsviði, í samstarfi við skóla- og frístundasvið, verði falið að gera stöðumat á fyrirkomulagi og árangri af viðveru fagfólks, svo sem sálfræðinga og talmeinafræðinga, í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Sérstaklega verði metið hvort og með hvaða hætti umfang viðveru fagfólks í skólum hafi áhrif á snemmtæka íhlutun, aðgengi barna að þjónustu, biðtíma og þörf fyrir frekari þjónustu. Jafnframt verði skoðað hversu mörgum börnum hver sérfræðingur getur sinnt eftir mismunandi þjónustufyrirkomulagi.

Í matinu verði einnig skoðað hvernig nýta megir fjarþjónustu og stafrænar lausnir til að draga úr ferðatíma sérfræðinga og auka þann tíma sem fer í beina þjónustu við börn, án þess að það komi niður á gæðum eða þeim ávinningi sem kann að felast í staðbundinni viðveru fagfólks.

Niðurstöðurnar verði nýttar til að leggja mat á hvert sé æskilegt jafnvægi milli staðbundinnar viðveru fagfólks, miðlægrar þjónustu og fjarþjónustu og hvernig mannafla og fjármunum verði best varið til að ná sem mestum árangri fyrir börn og fjölskyldur.

Greinargerð:

Snemmtæk íhlutun byggir meðal annars á því að hægt sé að greina vanda og veita viðeigandi stuðning áður en þjónustubörf verður umfangsmeiri. Á sama tíma er mikilvægt að takmarkaður tími sérfræðinga nýtist sem best.

Stöðumatið á að skapa gagnagrunn fyrir ákvarðanir um framtíðarskipulag þjónustunnar, þar á meðal hversu mikla viðveru fagfólks eigi að tryggja í skólum og hvort fjárfesting í stafrænum lausnum geti aukið aðgengi og afköst þjónustunnar. Markmiðið er að finna það þjónustufyrirkomulag sem tryggir snemmtæka íhlutun og að sem flest börn fái rétta þjónustu á réttum tíma.